

## Fundargerð 108. fundar stjórnar SSNV, 23. maí 2024

Fimmtudaginn 23. maí 2024, kom stjórn SSNV saman á Skagaströnd. Hófst fundurinn kl. 8.00. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Halldór Gunnar Ólafsson, Álfhildur Leifsdóttir, og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Magnús Magnússon sat fundinn á Teams.

### Dagskrá:

1. Eimur, áhersluverkefni og næstu skref.
2. Samningur við markaðsstofu Norðurlands lagður fram til samþykktar.
3. Erindi til stjórnar SSNV frá Húnaþingi vestra.
4. Auka framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna umhverfistengdra verkefna 2024 – Framhald á umræðu.
  - a. Lífrænn úrgangur - innlegg ráðgjafa, lausnir & leiðir.
  - b. Sjálfbær atvinnuþróun – verkefni lagt fram til kynningar.
5. Ferðapjónusta á Norðurlandi vestra.
6. Jafnlaunavottun.
7. Framlögð mál til kynningar.
  - a. Fundargerðir
  - b. Umsagnir
8. Skýrsla framkvæmdastjóra.

### Afgreiðslur

- 1. Eimur, áhersluverkefni og næstu skref**

Ottó Elíasson framkvæmdastjóri Eims kom til fundar á Teams. Fór hann yfir sameiginlegt minnisblað hans og framkvæmdastjóra SSNV, ásamt því að kynna starfsemi Eims og fyrirhuguð næstu skref m.a. annars upphaf ráðningarferlis á tveimur nýjum verkefnastjórum Eims sem verða staðsettir á Norðurlandi vestra.
- 2. Samningur við markaðsstofu Norðurlands lagður fram til samþykktar**

Á 107. fundi stjórnar SSNV var samningur við Markaðsstofu lagður fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að vinna samninginn áfram og leggja fram á næsta fundi til samþykktar. Samningur er nú lagður fram til samþykktar stjórnar. Stjórn yfirfer samninginn og samþykkir. Framkvæmdastjóra falið að undirrita.
- 3. Erindi til stjórnar SSNV frá Húnaþingi vestra**

Erindi frá Húnaþingi vestra barst til stjórnar 14. maí síðastliðinn. Bréfið var lagt fram til kynningar og umræður góðar. Stjórn tekur vel í erindið og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

#### 4. Auka framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna umhverfistengdra verkefna 2024 – Framhald á umræðu.

- a. **Lífrænn úrgangur.** Stefán Gíslason hjá Environice og Börkur Smári Kristinsson og Sigurður Halldórsson hjá Pure North komu til fundar við stjórn á Teams og fóru yfir lausnir & leiðir varðandi lífrænan úrgang. Stjórn þakkar góða yfirferð frá báðum aðilum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
- b. **Sjálfbær atvinnuþróun** – verkefni lagt fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram.

Magnús Magnússon vék af fundi að þessum lið loknum.

#### 5. Ferðaþjónusta á Norðurlandi vestra

Davíð Jóhannsson og Magnús Barðdal komu til fundar og fóru yfir stöðu verkefna SSNV tengd ferðaþjónustu. Áhugaverðar umræður og stjórn þakkar þeim fyrir komuna.

#### 6. Jafnlaunavottun

Samtal um jafnlaunavottun og stefnur landshlutasamtakanna. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram og koma með tillögur til stjórnar.

#### 7. Framlögð mál til kynningar

- a. Fundargerðir  
Stjórn SSH, 6. maí 2024. [Fundargerðin.](#)  
Stjórn SASS, 10. maí 2024. [Fundargerðin.](#)  
Stjórn SSNE, 3. apríl 2024. [Fundargerðin.](#)
- b. Umsagnir  
[Landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárríðu.](#) Mál nr. S-98/2024.  
Umsagnarfrestur framlengdur til 4. júní 2024. Framkvæmdastjóra falið að skila inn umsögn.  
[Drög að reglugerð um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir.](#) Mál nr. S-107/2024. Umsagnarfrestur til og með 28. maí 2024.

#### 8. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:41  
Einar E. Einarsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Magnússon, Álfhildur Leifsdóttir,  
Halldór Gunnar Ólafsson, Katrín M. Guðjónsdóttir.